

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 750/2017 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir.

#### 1. gr.

4. másl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Skilagjald skal nema 16,22 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.

#### 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 6,60 kr. á umbúðir úr stáli, 0,80 kr. á umbúðir úr áli, 12,30 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 9,40 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 4,30 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni, 2,40 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni og 1,40 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni sem er a.m.k. 35% endurunnið.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „tollstjóra“ í 2. mgr. 4. gr. og „tollstjóri“ í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: Skatturinn.

#### 4. gr.

2. másl. og 3. másl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 16,22 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 2 mánuðir frá hækkun álagðs skilagjalds þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir sérhverjar umbúðir, sem skilað verður, úr 16,00 kr. í 18,00 kr. með virðisaukaskatti.

#### 5. gr.

2. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Félagið skal stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, eða koma þeim annars til förgunar.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og öðlast gildi 1. maí 2021.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 30. apríl 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*